

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
07-322

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstjóra og stjórnar	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

kt. 581219-1480

Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstjóra og stjórnar

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun starfar skv. lögum nr. 137/2019. Stofnunin skal starfa að stjórnsýsluverkefnum á sviði húsnæðismála, mannvirkjamála, rafmagnsöryggismála og mála er varða byggingarvörur og brunavarnir. Stofnunin skal stuðla að því að jafnvægi ríki á húsnæðismarkaði, m.a. með húsnæðisstuðningi, lánveitingum, rannsóknum, upplýsingagjöf, áætlanagerð og eftirliti. Einnig skal stofnunin leitast við að tryggja að almenningur hafi aðgang að öruggu og vistvænu húsnæði á viðráðanlegu verði og í samræmi við þarfir hvers og eins, óháð efnahag og búsetu, þannig að almenningur hafi raunverulegt val um búsetuform.

Stofnunin gegnir jafnframt samræmingarhlutverki, sinnir samstarfi við sveitarfélög um stjórnsýslu húsnæðis- og mannvirkjamála og stuðlar að fyrirsjáanleika, skilvirkni og gæðum mannvirkjagerðar.

Frekari upplýsingar um starfsemina á árinu 2021 má finna í árskýrslu sem gefin er út samhliða þessum ársreikningi.

Á árinu 2022 er fyrirhuguð sameining við fasteignaskrárluta Þjóðskrár Íslands sem mun taka gildi þann 1. júlí 2022. Frekari upplýsingar um áhrif sameiningarinnar er er að finna í skýringu 16 í reikningi þessum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum. Frekari upplýsingar um starfsemi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á árinu 2021 er að finna í árskýrslu stofnunarinnar.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 2.478,4 milljónir og afkoma jákvæð kr. 0,5 milljónir. Rekstrargjöld ársins 2021 voru kr. 2.478,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 2.675,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3.342,2 milljónir.

Það er álit okkar að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstjóri og stjórn staðfesta hér með ársreikning Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Sigurjón Örn Þórisson
Stjórnarformaður

Elín Oddný Sigurðardóttir

Karl Björnsson

Ásta B. Pálmadóttir

Björn Gíslason

Hermann Jónasson
Forstjóri Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	392.500.000	520.900.000
Seld þjónusta	3	75.455.264	100.548.087
Framlög og ýmsar tekjur	4	1.942.728.376	1.740.632.030
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>67.721.132</u>	<u>64.248.049</u>
	Tekjur samtals	2.478.404.772	2.426.328.166
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.505.684.806	1.357.601.448
Framlög og tilfærslur		109.332.581	5.500.000
Annar rekstrarkostnaður	6	727.234.012	691.915.203
Afskriftir	7	<u>136.354.110</u>	<u>128.960.749</u>
	Gjöld samtals	2.478.605.509	2.183.977.400
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(200.737)	242.350.766
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		3.386.837	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(2.691.381)</u>	<u>(723.641)</u>
		695.456	(723.641)
	Afkoma ársins	494.719	241.627.125
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjáheimildaliðum	2		
Rekstur		4.327.300	243.927.125
Rekstrartilfærslur		<u>(3.832.581)</u>	<u>(2.300.000)</u>
		494.719	241.627.125

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnslegar eignir	8	<u>309.387.650</u>	<u>263.145.901</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		127.464.224	174.678.217
Farartæki og vélar		<u>3.364.206</u>	<u>3.890.209</u>
		<u>130.828.430</u>	<u>178.568.426</u>
		Fastafjármunir samtals	440.216.080
			441.714.327
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		38.383.756	15.206.882
Tengdir aðilar	10	<u>2.590.518.697</u>	<u>2.466.757.264</u>
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	11	<u>160.877.420</u>	<u>50.390.532</u>
Handbært fé	12	<u>112.169.624</u>	<u>324.167.021</u>
		Veltufjármunir samtals	2.901.949.497
			2.856.521.699
		Eignir samtals	3.342.165.577
			3.298.236.026
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	13	<u>232.287.000</u>	<u>231.792.281</u>
Bundið eigið fé		<u>2.442.674.515</u>	<u>2.442.674.515</u>
		Eigið fé samtals	2.674.961.515
			2.674.466.796
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	1.251.000	18.492.033
Viðskiptaskuldir		<u>113.997.959</u>	<u>107.849.740</u>
Ýmsar skammtímaskuldir	14	<u>269.502.031</u>	<u>429.396.451</u>
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	<u>282.453.072</u>	<u>68.031.006</u>
		Skuldir samtals	667.204.062
			623.769.230
		Eigið fé og skuldir samtals	3.342.165.577
			3.298.236.026
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins	494.719	241.627.125	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárvældi:			
Afskriftir	136.354.110	128.960.749	
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	(67.721.132)	(64.248.049)	
	69.127.697	306.339.825	
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur	(133.663.762)	307.143.061	
Tengdir aðilar	(10.844.927)	(62.423.854)	
Skammtímaskuldir	(153.746.201)	(217.914.152)	
	(298.254.890)	26.805.055	
Handbært fé frá rekstri	(229.127.193)	333.144.880	
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna	(133.554.960)	(137.044.506)	
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	(10.087.529)	(52.291.537)	
Yfirfærsla á eignum flutt til ríkissjóðs	17.129.796	0	
	(126.512.693)	(189.336.043)	
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar	(130.157.511)	147.303.625	
Fjárfestingarframlag	273.800.000	31.300.000	
	143.642.489	178.603.625	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs	(211.997.397)	322.412.462	
	324.167.021	1.754.559	
Handbært fé í árslok	112.169.624	324.167.021	

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningagalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vörur eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Gengishagnaður og gengistap

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þær með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfaerður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	392.500.000	520.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>67.721.132</u>	<u>64.248.049</u>
	460.221.132	585.148.049

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	511.900.000	3.200.000	515.100.000
Fjáraukalög	(226.800.000)	102.300.000	(124.500.000)
Millifært úr varasjóð	1.900.000	0	1.900.000
Fjárveiting til tekna	287.000.000	105.500.000	392.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum	<u>(282.672.700)</u>	<u>(109.332.581)</u>	<u>(392.005.281)</u>
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	4.327.300	(3.832.581)	494.719

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	74.851.614	100.548.087
Fræðslustarfsemi og fundir	<u>603.650</u>	<u>0</u>
	75.455.264	100.548.087

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	3.944.339	449.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	255.925.160	244.628.068
Framlög frá öðrum en ríkissjóði	1.608.000.000	1.495.000.000
Ýmsar tekjur	74.858.877	554.962
	1.942.728.376	1.740.632.030

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.173.271.722	1.120.514.240
Orlof, breyting	3.928.537	13.401.410
Önnur launagjöld, ótalín annars staðar*	0	(94.780.875)
Launatengd gjöld	298.465.964	295.058.915
Starfsmannakostnaður	30.018.583	23.407.758
Samtals launakostnaður	1.505.684.806	1.357.601.448
Meðalfjöldi stöðugilda	109,8	106,6

Við sameiningu húsnæðisstofnunarhluta íbúðalánaþjóðs og Mannvirkjastofnunar voru gjaldfærð laun vegna starfsmanna íL-sjóðs sem ekki þáðu boð um starf í nýrri stofnun eða störfuðu áfram hjá íL-sjóði eftir uppskiptingu. Í árslok 2020 voru launin færð úr rekstri HMS til íL-sjóðs.

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	3.901.125	2.754.694
Tæki og búnaður til innréttингa	8.474.448	441.308
Ýmis tæki og áhöld	16.520.658	7.403.194
Orkugjafar	1.294.604	1.948.569
Matvæli	17.257.106	13.065.208
Almennar rekstrarvörur	3.688.748	2.654.748
Vörukaup, almenn	<u>51.136.689</u>	<u>28.267.721</u>
Fundir, námskeið, risna	17.900.304	12.196.650
Ferðir, uppihald	5.783.307	3.180.988
Akstur	5.642.337	4.732.874
Sérfræðibjónusta	254.095.012	280.123.647
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	4.312.254	9.951.902
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	17.142.213	20.193.009
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	<u>21.253.827</u>	<u>25.165.338</u>
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðibjónusta	<u>326.129.254</u>	<u>355.544.408</u>
Afnotagjöld	162.592.457	154.680.245
Leigugjöld	149.972.247	134.761.373
Verkkaup	33.350.116	18.128.104
Tryggingar, lögboðnar	143.499	145.852
Opinber gjöld	1.909.750	387.500
Tilfærslur	<u>2.000.000</u>	<u>0</u>
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>349.968.069</u>	<u>308.103.074</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>727.234.012</u>	<u>691.915.203</u>
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	40.989.879	40.959.891
Farartæki og vélar	657.504	1.437.950
Niðurfærsla óefnislegra eigna	<u>94.706.727</u>	<u>86.562.908</u>
	<u>136.354.110</u>	<u>128.960.749</u>

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020	
8 Óefnislegar eignir			
Óefnislegar eignir	309.387.650	263.145.901	
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2021:			
Stofnverð 01.01.2021	367.008.741	Hugbúnaður	
Endurflokkun, af varanlegum rekstrarfjármunum	7.393.517		
Viðbætur á árinu	<u>133.554.960</u>		
	<u>507.957.218</u>		
Niðurfært 01.01.2021	103.862.840		
Niðurfærsla ársins	<u>94.706.728</u>		
	<u>198.569.568</u>		
Staða 31.12.2021	<u>309.387.650</u>		
9 Varanlegir rekstrarfjármunir	31.12.2021	31.12.2020	
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	127.464.224	174.678.217	
Farartæki og vélar	<u>3.364.206</u>	<u>3.890.209</u>	
	<u>130.828.430</u>	<u>178.568.426</u>	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:			
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Kostnaðarverð 01.01.	235.285.621	13.584.797	248.870.418
Endurflokkun, af varanlegum rekstrarfjármunum	(7.525.041)	131.501	(7.393.540)
Flutt frá Neytendastofu 04-238	16.526.392	0	16.526.392
Viðbætur á árinu	10.087.529	0	10.087.529
Yfirfærsla á eignum flutt til ríkissjóðs	<u>(30.726.772)</u>	<u>0</u>	<u>(30.726.772)</u>
	223.647.729	13.716.298	237.364.027
Afskriftir 01.01.	60.607.404	9.694.588	70.301.992
Flutt frá Neytendastofu 04-238	8.183.194	0	8.183.194
Afskrift ársins	40.989.883	657.504	41.647.387
Yfirfærsla á eignum flutt til ríkissjóðs	<u>(13.596.976)</u>	<u>0</u>	<u>(13.596.976)</u>
	96.183.505	10.352.092	106.535.597
Staða 31.12.	<u>127.464.224</u>	<u>3.364.206</u>	<u>130.828.430</u>

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	2.590.518.697	2.466.183.344
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	573.920
	<hr/>	<hr/>
	2.590.518.697	2.466.757.264

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	18.492.033
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	1.251.000	0
	<hr/>	<hr/>
	1.251.000	18.492.033

11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Rekstrarframlag frá Húsnæðissjóði	134.000.000	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	14.287.440	28.422.456
Skattar	12.589.980	21.968.076
	<hr/>	<hr/>
	160.877.420	50.390.532

12 Handbært fé

Tékkareikningar	112.169.624	324.167.021
	<hr/>	<hr/>
	112.169.624	324.167.021

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 46,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign	Hrein eign	Bundið eigið fé	Samtals	Samtals
			31.12.2021	31.12.2020
Jöfnuður 1.1.	231.792.281	2.442.674.515	2.674.466.796	2.432.839.671
Afkoma ársins	494.719	0	494.719	241.627.125
Jöfnuður 31.12.	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	232.287.000	2.442.674.515	2.674.961.515	2.674.466.796

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjárár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsréðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 2.442,7 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

31.12.2021 31.12.2020

14 Ýmsar skammtímaskuldur

Ógreitt orlof	139.602.713	135.674.176
Önnur ógreidd gjöld	129.899.318	293.722.275
	<hr/>	<hr/>
	269.502.031	429.396.451

Skýringar

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	280.386.031	196.121.476
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	<u>2.067.041</u>	<u>(128.090.470)</u>
	<u>282.453.072</u>	<u>68.031.006</u>
	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting
	frestaðar tekjur	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	196.121.476	(128.090.470)
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	273.800.000
Flutt frá Neytendastofu 04-238	8.343.198	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10.087.529	(10.087.529)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	133.554.960	(133.554.960)
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(67.721.132)</u>	<u>0</u>
	<u>280.386.031</u>	<u>2.067.041</u>
	<u>282.453.072</u>	<u>68.031.006</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 80,3 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Við sameiningu húsnæðisstofnunarhluta íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunar komu inn rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir úr B-hluta ríkisaðila (íbúðalánasjóði) inn í A-hluta ríkisaðila sem hluti eigna HMS. Þær eignir bera ekki fjárfestingarframlag líkt og í tilfelli eigna A-hluta ríkisaðila og er því misrämi milli skráðri stöðu eigna í Orra og uppgjörskerfum HMS.

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnun hefur gert skuldbindandi samninga um leigu á húsnæði í Reykjavík og á Sauðárkróki og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu eru um 162,9 millj. króna og 54 millj. króna vegna þjónustusamninga.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjalfþærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Á árinu 2022 er fyrirhuguð sameining við fasteignaskráhluta Þjóðskrár Íslands sem mun taka gildi þann 1. júlí 2022. Við uppskiptinguna liggur fyrir að hluti þeirra verkefna sem Húsnæðis-og mannvirkjastofnun tekur yfir er ófjármögnuð að hluta til og mun hafa áhrif á rekstur stofnunarinnar á árinu 2022.